



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjárhagsstöðu borgarinnar

Á fundi borgarráðs þann 13. apríl 2023 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Fyrirspurn frá Flokki fólksins um hversu alvarlegur fjárhagsvandi Reykjavíkurborgar er. Er Reykjavíkurborg á leið í þrot? Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) sendi Reykjavíkurborg bréf í lok febrúar sl. þar sem athugasemdir eru gerðar við að borgin uppfylli ekki öll lágmarkskviðmið fyrir A-hluta rekstra. Flest bendir til að fjárhagsstaða Reykjavíkur sé verri en áður eru dæmi um. Sveitarfélagið virðist engan veginn vera rekstrarlega sjálfbært. Hætt var við skuldabréfaútböð sem átti að vera þann 12. apríl. Það kemur í kjölfar þess að Reykjavíkurborg hætti einnig við skuldabréfaútböð sem átti að fara fram þann 8. mars sl. Það hlýtur að hafa verið niðurlægjandi fyrir Reykjavíkurborg, fjölmennasta sveitarfélag landsins, enda merki um ákveðið vantraust markaðarins á fjárhagsstöðu borgarinnar og greiðslugetu hennar. Niðurlæggingin er þó ekki aðalatriðið heldur alvarleiki málsins alls. Þær skýringar sem gefnar hafa verið um að borgin þurfi ekki að fara í skuldabréfaútböð þar sem hún hefur aðra betri lánakosti (lánalínur) eru ekki trúverðugar. Borgin hefur á undanförnum misserum spennt bogann til hins ýtrasta hvað varðar rekstrarkostnað, fyrirhugaðar framkvæmdir og sívaxandi lántöku. Ekki er séð að sýna eigi nauðsynlegt aðhald með því að fresta fjárfrekum framkvæmdum sem ekki er brýn þörf á að ganga í.“

Svar:

Á fundi borgarstjórnar þann 9. maí sl. var ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 lagður fram til síðari umræðu og samþykktur af borgarstjórn. Ársreikningurinn er endurskoðaður af óháðum endurskoðendum sem árita reikninginn. Í árituninni er farið yfir ábyrgð endurskoðenda og þar er m.a. eftirfarandi tekið fram að sé hluti af endurskoðun ársreikningsins:

„Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.“



Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 er áritaður af óháðum endurskoðendum með fyrirvaralausri áritun.

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar til júní 2023 var lagður fram í borgarráði þann 7. sept. sl. Helstu niðurstöður rekstrar og staða efnahags er eftirfarandi:

Kennitölur árschlutauppgjors 30. júní 2023	A- og B-hluti	A-hluti
Rekstrarniðurstaða (m.kr.)	-6.730	-921
EBITDA (afkoma í m.kr. fyrir afskriftir og fjárm.liði)	23.135	4.107
Eignir (m.kr.)	893.398	275.844
Veltufé frá rekstri (m.kr.)	16.475	6.814
Handbært fé í lok tímabils (m.kr.)	33.294	19.986
Eiginfjárlutfall	46,4%	29,6%
Veltufjárlutfall	1,14	1,16
Langtímaskuldir/eigið fé	81,0%	144,1%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjur	13,5%	7,8%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	19,0%	4,7%
Veltufé frá rekstri/afb. lána og skuldbindinga	-	1,6

Reykjavíkurborg hefur nú sem hingað til, staðið við allar sínar skuldbindingar, hvort sem er greiðsla launa, aðfanga eða afborganir lána. Ekki eru vísbendingar í samantekinni stöðu rekstrar og efnahags A-hluta eða A- og B-hluta þann 30. júní 2023 sem geta dregið rekstrarhæfi borgarinnar í efa.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur fram í borgarráði ítarlegar greinargerðir og upplýsingar með reikningum borgarinnar, hvort sem um er að ræða mánaðar-, árshluta- eða ársuppgjör. Lögð er áhersla á að fjalla um rekstur og stöðu borgarinnar með hlutlægum hætti og draga fram þær ógnanir og áhættur sem taldar eru steðja að í rekstri hennar. Þar er sem dæmi að finna ábendingar til borgarráðs varðandi það sem mikilvægt er taka til sérstakrar skoðunar og/eða hvort grípa þurfi til aðgerða í rekstri.

Mikilvægt er að borgarfulltrúar kynni sér hverju sinni gaumgæfilega fyrirbyggjandi gögn og greiningar sem fylgja uppgjörum Reykjavíkurborgar, enda eru þau til þess fallin að gefa kjörnum fulltrúum glögga mynd af rekstri og stöðu borgarinnar hverju sinni byggt á fyrirbyggjandi gögnum og hlutlægu mati þeirra.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs